

Fundargerð

234. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 10. janúar 2017 kl. 12¹⁵–13³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)
Guðbergur Rúnarsson (GR) (vm. GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatæki
- (3) Plast
- (4) Spilliefni
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (233. fundar).

Samþykkt

2. Raf- og rafeindatæki

Lagt var fram á fundinum erindi frá UAR vegna undirbúnings fyrir endurflutning frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. ÓK fór yfir stöðuna. Í umsögnum til þingnefndar fjölluðu nokkrir umsagnaraðilar (umsagnir lagðar fram á fundinum) um ágreining um kostnað sveitarfélaga og greiðslur ÚS vegna geymslu raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum. UAR óskar eftir tillögum að breytingum til að skýra ákvæðið betur.

GGÞ fór yfir forsögu þess að Úrvinnslusjóður greiðir fyrir þjónustu sveitarfélaga.

LG fór yfir að sveitarfélögin túlki lögini um meðhöndlun úrgangs 55/2003 þannig að greinar 45 og 48 stangist á í er varðar kostnaðarþátttöku framleiðenda/innflytjenda við meðhöndlun rr-úrgangs.

LÓ leggur til að aðilar er eiga fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs geri athugasemdir hver fyrir sig og var það samþykkt.

3. Plast

Á fundinum var farið yfir meðfylgjandi drög að minnisblaði sem GS tók saman í framhaldi af þátttöku í ráðstefnu (Plastic Recycling Conference) sem haldin var í Rotterdam 1.-3. nóvember 2016. GS fór yfir nokkur atriði er fram koma í skýrslunni.

GGÞ
HPH
LG

4. Spilliefni

Lögð var fram tillaga um breytingar á endurgjaldi til þjónustuaðila vegna spilliefna. Endurskoðunin nær til launabreytinga og móttökugjalda fyrir brennslu hjá Kólku. Frestað.

5. Önnur mál.

ÓK sagði frá því að áður samþykktar breytingar af stjórn og ráðuneyti á úrvinnslugjöldum hafi tekið gildi nú um áramótin.

Næsti fundur ákveðinn 24. janúar 2017.

Fundi slitið kl 13.30

Gudni G. Þórisson

Andri Elías
þjófnefnd

Jóhanna S. Guðjónsdóttir

Hilmar Þ. Guðnason

Bryndís Skutadóttir